

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og læknskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 3. gr., starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lögin taka til skv. 9. gr., opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr., starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Sóttvarnalög, nr. 34 12. apríl 1954.
4. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
5. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.

2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Lögin taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutækki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögnum leyfisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.
- b. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa forræði á búi sínu.
- c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og váttryggingaskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.
- d. 5. tölul. 1. mgr. verður 6. tölul.
- e. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.
- f. 4. másl. 2. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 9. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir sölubóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfsemiinnar liggi frammi á starfsstöð.

6. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Eftirlit.**

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir til-mæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna, og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna rétt-inda, og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

8. gr.

Við lög in bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1997.

Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.